

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Miklabraut frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. mars 2016 deiliskipulag fyrir svæði Miklubrautar sem afmarkast af lóðarmörkum húsa við Miklubraut 24-66 og til norðurs af gróðurbelti meðfram Klambratúni. Til vesturs eru mörk skipulagsins við Rauðarárstíg og til austurs við Lönguhlíð. Í tillögunni felst að koma fyrir forgangsleið fyrir Strætó í austurátt, meðfram Miklubraut sunnanverðri. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hlíðarendi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, við stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, þann 20. apríl 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda frá 2015 vegna lóðarinnar nr. 4 við Hlíðarenda (lóð B). Í breytingunni felst uppfærsla á skilmálatöflu þannig að B- og C-rými eru færð inn í nýtingarhlutfall lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Freyjubrunnur 16-20.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til heimilda um afgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs í viðauka 1.1 við stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, þann 20. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, Hallar, Hamrahlíðarlönd og suðurhlíðar Úlfarsfells vegna lóðarinnar nr. 16-20 við Freyjubrunn. Í breytingunni felst að byggja tvo byggingarhluta á suðurhlíð hússins út fyrir byggingarreit og breyta einni íbúð í tvær minni íbúðir þannig að í stað 13 íbúða verða 14 íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Lindarsel 9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til heimilda um afgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs í viðauka 1.1 við stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, þann 20. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 9 við Lindarsel. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit um 1,5 metra til suðurs og heimilt byggingarmagn á lóðinni er aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 27. apríl 2016.*

**Björn Axelsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2016